



Innkauparáð

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Efni: Útisalerni í miðborginni. Framlenging á samningi við AFA JCDecaux Ísland ehf.***

Á grundvelli 25. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar er óskað eftir heimild innkauparáðs að framlengja samning milli Reykjavíkurborgar og AFA JCDecaux Ísland ehf. um leigu og rekstur á útisalernum í Reykjavík. Um er að ræða 7 útisalerni á miðborgarsvæði.

Gildandi samningur rennur út 31. mars nk. og er því við það að renna út. Samningurinn hefur verið framlengdur einu sinni um 9 mánuði eða milli 30. júní 2018 til 30. mars 2019 með samþykki innkaupráðs en í þeirri framlengingu var áætluð upphæð um 23,4 mkr. án virðisaukaskatts. Fjármunir hafa ekki verið tryggðir í verkefnið á fjárfestingaráætlun og því er óskað eftir að innkauparáð samþykki að framlengja ofangreindan samning til 31. júní 2019. Á næstu 3 mánuðum verður lokið við gerð útboðsgagna og verkefnið boðið út þannig að ekki verði rof á þjónustunni meðan fjármagn er tryggt í endanlega útfærslu verkefnisins.

Áætluð upphæð á 3 mánaða framlengdum samningi er um 8 mkr. án virðisaukaskatts.

Með kveðju,

---

Hjalti J. Guðmundsson,  
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlands